


Kennarasamband Íslands



Samband íslenskra sveitarfélaga

Reykjavík 22. september 2014

## Ágæti viðtakandi

### Efni: Fræðslurit ætlað kennurum, stjórnendum og rekstraraðilum leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla um rödd, hlustun og kennsluumhverfið

Til þess að skóli geti gegnt hlutverki sínu sem mennta- og uppeldisstofnun þurfa ákveðin skilyrði að vera fyrir hendi. Rödd kennarans þarf að vera áheyrileg og geta gegnt ætlunarverki sínu, nemandinn þarf að hafa gagn af hlustun og umhverfið má ekki spilla þar fyrir. Reyndin er hins vegar sú að alltof oft vinna þessir þrír þættir - rödd, hlustun og umhverfi - illa saman.

Samband íslenskra sveitarfélaga (sambandið), Kennarasamband Íslands (KÍ) og Valdís Jónsdóttir, radd- og talmeinafræðingur, hafa tekið höndum saman í baráttunni við hávaða og því að vekja athygli á mikilvægi raddverndar og raddbeitingar í skólum. Þessir aðilar hafa þegar gert ýmislegt í baráttunni, bæði í samstarfi og hver í sínu lagi. Talið var mikilvægt að koma á framfæri gagnlegum og heildstæðum upplýsingum um málefnið.

Meðfylgjandi er eintak af fræðsluriti, eins konar handbók um rödd, hlustun og kennsluumhverfið, sem fyrrgreindir aðilar hafa unnið og er ætlað kennurum, stjórnendum og rekstraraðilum leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla. Það er mikilvægt að kennarar, skólastjórnendur og þeir sem vinna að málefnum skóla, nemenda og kennara hafi þekkingu á flóknu samspili raddar, hlustunar og umhverfis. Röddin er atvinnutæki kennara og því mikilvægt að vita hvað getur skaðað hana. Hvað kemur í veg fyrir að nemendur heyri vel í kennaranum og geti tileinkað sér námsefni sitt? Hvað er það í umhverfinu sem getur spilt fyrir kennslu og námi og reynt um of á rödd kennarans?

Handbókinni er ætlað tvíþætt hlutverk:

- Að uppfraeða kennara, stjórnendur og aðra um rödd, hlustun og umhverfi.
- Að aðstoða þá sem vilja gera úrbætur á kennsluumhverfinu hvað varðar hljóðvist, hávaða og raddvernd.

Handbókinni er dreift í alla leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla landsins sem og til annarra hagsmunaðila, s.s. rekstraraðila skóla og ýmissa stofnana og samtaka. Handbókina má einnig nálgast rafrænt á vefnum [www.rodd.is](http://www.rodd.is) og á vefsíðum KÍ, [www.ki.is](http://www.ki.is), og sambandsins, [www.samband.is](http://www.samband.is). Þannig má t.d. prenta út þær blaðsíður sem eru með gátlistum til útfyllingar og þar er einnig að finna yfirlit yfir hagnýt úrræði gegn hávaða í skólum.

Það er einlæg von okkar að þetta fræðslurit komi að góðum notum og að með aukinni fræðslu, umræðu og sameiginlegu átaki muni árangur nást í baráttunni við hávaða í skólum – nemendum og kennurum til heilla.

#### Fyrir hönd samstarfsaðila

Hafdís Dögg Guðmundsdóttir,  
sérfræðingur í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum,  
Kennarasamband Íslands.

Klara E. Finn bogadóttir,  
sérfræðingur í skólamálum,  
Samband íslenskra sveitarfélaga.